

Skilmálar Umbúðamiðlunar ehf

- gildir um öll kaup milli aðila með fisk / hráefni í kerjum UMB -

Fiskkaupandi gerist leigutaki hjá Umbúðamiðlun ehf um leið og hann kaupir fisk á fiskmarkaði í kerjum eða kössum Umbúðamiðlunar ehf. Sama gildir um önnur hráefniskaup þar sem umbúðir Umbúðamiðlunar ehf koma við sögu. Kerin eru eign Umbúðamiðlunar ehf og flest merkt Umbúðamiðlun. Umbúðamiðlun veitir leigutaka nánari upplýsingar um merkingar kerja ef þörf er á. Leigutaki er ábyrgur fyrir þeim kerjum sem hann hefur í sinni umsjón hverju sinni.

- Keraleiga tekur mið af þyngd hráefnis í keru og eða eftir lágmarksgjaldi fyrir afnot af keru.
- Allur flutningur kerja, hvort sem er tómrar eða fullrar, er alfarið á ábyrgð og kostnað leigutaka. Fiskkaupandi skal gæta að því að semja við sinn flutningsaðila um bæði flutning á fullum og tómmum kerjum til baka á upphafsstað.
- Keraleigu lýkur þegar ker er tæmt í fyrsta sinn eftir hráefniskaup og skal leigutaki skila keru sama dag á skilastað í samráði við leigusala. Sé keru ekki skilað í samræmi við ofangreint, er heimilt að reikna leigu skv. gjaldskrá leigusala fyrir hvern viðbótar dag sem leigutaki er með keru á sínum vegum.
- Hráefni, hvort sem er fiskur eða aukaafurðir, sem leigutaki kys að senda frá sér innanlands í kerjum Umbúðamiðlunar ehf, er að meginreglu á ábyrgð og kostnað leigutaka enda tekur hann ákvörðun um hina nýju keraleigu og setur í keru.
 - Leigutaki skal í þessum tilvikum skila af sér vikulega upplýsingum um móttakanda, kerjafjölda og þyngd (kg) sem hann sendir frá sér.
 - Keraleiga getur færst yfir á móttakanda sé hann með skriflegan samning við Umbúðamiðlun ehf um keraleiguna og greiðslu hennar. Keraleiga með aukaafurðir milli aðila greiðist af móttakanda EINGÖNGU ef móttakandi er bæði með samning við leigusala og að greiðsla sé innheimt í gegnum ábyrgðarkerfi RSF.
 - Móttakandi þarf jafnframt að vera samþykktur notandi kerja af Umbúðamiðlun ehf. Sendi leigutaki ker á ósamþykktan móttakanda er leigutaki sjálfur ábyrgur fyrir þeirri nýju keraleigu og greiðandi hennar.
- Hin leigðu ker má einungis nota undir flutning og geymslu á sjávarafurðum og ís. Leigutaka er með öllu óheimilt að nota ker samkvæmt samningi þessum undir nokkuð annað, s.s. loðnu, hvalaafurðir og/eða kjöt. Enn fremur er bannað að nota þau undir veiðarfæri, málma, úrgang, eða annað sem er ekki matvæli sbr. ofangreint.
 - Leigutaka er óheimilt að senda ker leigusala til annarra landa nema með sérstökum samning þar að lútandi.
- Keraleiga hefst við afhendingu til leigutaka eða flutningsaðila á hans vegum. Hinum leigðu kerjum skal að meginreglu skila hreinum og tilbúnum í nýja leigu á sama stað og þau voru afhent til flutningsaðila í upphafi fyrri leigu, allt saman á kostnað leigutaka.
 - Ef keru er skilað *óhreinu* skal leigutaki greiða fyrir þvott á kerinu, samkvæmt gjaldskrá leigusala hverju sinni.
 - Ef keru er *ekki skilað* sama dag og leigu lýkur skal leigutaki greiða fyrir smölun á kerinu, samkvæmt gjaldskrá leigusala hverju sinni.

Ítarlegri upplýsingar um almenna leiguskilmála er að finna á heimasíðu Umbúðamiðlunar ehf www.umb.is